

Alþingi  
Erindi nr. P 127/307  
komudagur 30.11.2001

Reykjavík, 28. nóvember 2001.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Bréfsími 563 0430

**Efni: Greinargerð vegna breytinga á lögum um fjarskipti, 145. mál,  
jöfnunargjald, heimtaugar.**

Vísað er til bréfs nefndasviðs Alþingis dags. 19. október 2001 varðandi ofangreint mál. Undirritaður lögmaður annast umsögn málsins fyrir hönd Íslandssíma hf.

### **1. Jöfnunargjald.**

Það er almennt skoðun Íslandssíma hf. að ekki sé eðlilegt að beyta jöfnunargjöldum til að færa til fjármuni landsmanna. Allur kostnaður í fjarskiptanetinu á að byggjast á raunkostnaði og neytandi á að greiða þann kostnað sem hlýst af því að þjónusta hann. Öll jöfnunargjöld eru til þess fallin að skekkja kostnaðarvitund almennings.

Sú fyrirætlan að ákveða gjaldið ótímabundið er til þess fallin að umræða um slikt jöfnunargjald hætti, sem Íslandssími telur óæskilegt.

### **2. Koparlínur.**

20. grein fjarskiptalaga er nokkuð óljóst orðuð og hefur skapað tilefni til ágreinings um túlkun. Í tillögu frumvarpsins er kveðið skýrar á um skyldur Landssímans varðandi heimtaugarleigu. Íslandssími getur því ekki annað en tekið undir þær tillögur sem þar koma fram og telur þær til bóta.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd Íslandsíma hf.

Ágúst Sindri Karlsson, hdl.